



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Námskeiðslýsing
Endurmenntun Háskólans á Bifröst

Grunnnámskeið í stafrænni fatahönnun (3 ECTS)

Námskeiðið er alhliða grunnnámskeið í stafrænni fatahönnun og fatagerð. Þátttakendur munu skilja og geta beitt stafrænum hönnunarreglum í samhengi við faghönnun í tískuiðnaði. Þeir öðlast grunn í notkun CLO3D hugbúnaðar sem er öflugt hönnunarforrit við gerð stafrænna sniða sem saumuð eru upp sem sýndarfatnaður. Hugbúnaðurinn sem nemendur læra að beita er að gjörbylta hönnunar- og framleiðsluferlum í tískuiðnaði. Þátttakendur munu læra hvernig þeir geta yfirfært skapandi hugmyndir sínar á raunhæfar þrívíddarflíkur, sem straumlínulagar hönnunarferlið, gerir það auðveldara og skilvirkara og dregur verulega úr umhverfis spori í hönnunarferlinu.

Lærdómsviðmið:

Þekkingarviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
ekking:

- Þekki undirstöðu aðferðir við tvívíða og þrívíða hönnun á fatnaði
- Þekki helstu forrit og vita hvaða forrit eru helst notuð og í hvað tilgangi
- Þekki helstu verkfæri og verkferla í hönnunar forritinu Clo3d
- Þekki vinnuferla við hönnun, framleiðslu og sölu á fatnaði.

Leikniviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geti gert tvívíð sniðform.
- Geti saumað stafrænar flíkur í tvívídd og þrívídd
- Geti náð sér í efni og fylgihluti í Clo Connect
- Geti mátað flíkur á **Avatar** og gert einfaldar leiðréttingar sniðum
- Geti undirbúið flíkur fyrir einfalda framköllun

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafa færni til að nýta helstu verkfæri CLO3d.
- Hafa færni að lesa upplýsingar um galla í hönnun sinni og hvernig er best að laga flíkur út frá gefnum upplýsingum.
- Hafa færni til að velja hráefni sem passar útliti og tilgangi fatnaðar.
- Hafa færni á að setja verkefni sitt fram á áhugaverðan og sannfærandi hátt bæði með einföldum ljósmyndum og myndskreiðum.

Stafræn fatahönnun – hönnun og frumgerðir (3 ECTS)

Í námskeiðinu munu þátttakendur ná tökum á sniðagerðarlistinni til að ná fram nákvæmu útliti á hönnun sinni með notkun hugbúnaðarins CLO3D. Þátttakendur munu ná tökum á háþrúðum sniðaverkfærum og tækni. Með blöndu af fræðilegum skilningi og hagnýtri beitingu munu þátttakendur þróa þá færni sem nauðsynleg er til að búa til fullkomlega sniðnar sýndarflíkur, líkja eftir saumaferli og betrubæta fataleiðréttingar af nákvæmni. Unnið verður með raunveruleg dæmi um árangursrík sniða- og fataleiðréttingarverkefni.

Lærdómsviðmið:

Þekkingarviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þekki grunnsnið og stærðarblokkir
- Þekki hvernig fatasnið eru gerð út frá grunnsniðum.
- Þekki hvernig fatnaður er mátaður á mismunandi líkamstærðum til ná fram betra útliti
- Þekki helstu verkfæri og aðferðir til að ná fram breytingum á sniðformum

Leikniviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geti gert mismunandi útlit og útfærslur á neðripörtum í tvívídd út frá grunnsniði.
- Geti leiðrétt og fínstillt flíkur úr frá gefnum upplýsingum í þrívídd á Avatara
- Geti breytt og bætt útkomu sniða með það að markmiði að ná betri nýtingu á efnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafa færni að lesa upplýsingar um galla í hönnun sinni og hvernig best er að laga flíkur út frá gefnum upplýsingum.
- Hafa færni til að vinna eftir teikningu til að ná ákveðnu útliti á neðri pörtum
- Hafa færni til að vega og meta mismunandi þætti í hönnun sinni sem geta dregið úr soun í efnis nýtingu

Stafræn fatahönnun – undirbúningur fyrir framleiðslu (3 ECTS)

Í þessu námskeiði munu þátttakendur auka sérfræðiþekkingu sína með því að brúa bilið á milli skapandi hönnunar og skilvirkar framleiðslu. Þátttakendur nýta áfram forritið CLO3D sem er sniðið fyrir hönnuði og fagfólk í tískuiðnaðinum og miðar að því að umbreyta sýndarönnun í óaðfinnanlega fullunna flík. Þátttakendur munu ná tökum á þeirri færni sem þarf til að undirbúa hönnun fyrir framleiðslu, tryggja nákvæmni sniða, skilvirkan skurð efna og straumlínulagað framleiðsluferli. Þátttakendur læra að búa til framleiðslu tilbúna hönnun, hagræða samvinnu við framleiðsluteymi og útrýma flöskuhálsur fyrir óaðfinnanlegt ferli frá því hugmynd kviknar þar til flíkin fer á markað. Þátttakendur fá innsýn í þróun iðnaðarins og bestu starfsvenjur. Að loknu námskeiði verða þátttakendur í stakk búnir til að skipuleggja háþróað undirbúningsferli framleiðslu með notkun CLO3D hugbúnaðarins sem tryggir nákvæmni, sjálfbærni og samkeppnisforskot á markaði.

Lærdómsviðmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þekki hvernig stærðarkerfi virka
- Þekki hlutverk tækniskýrsla
- Þekki samskiptakerfi milli hönnuða & framleiðenda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geti notað graderingar (stærðar) verkfæri í verkefnum sínum
- Geti notað bæði PLM (framleiðslusögu flíkur) samkvæmt alþjóðlegum framleiðslu skilgreiningum
- Geti notað grafík verkfærin í einfalda grafík á flík
- Geti gert flatar (vector) vinnuteikningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafi færni í að undirbúa flíkur fyrir framleiðslu
- Hafi færni í gerð tækniskýrsla fyrir framleiðslu
- Hafi færni í samskiptahluta við framleiðendur í skápnum í CLO3D

Stafræn fatahönnun – stílfærsla á stafrænum fatnaði og fagurfræðileg kynning (3 ECTS)

Í þessu námskeið leggja þátttakendur af stað í ferðalag inn í heim stafrænnar stíliserings með notkun CLO3D hugbúnaðarins. Skoðaðir verða nýjir straumar í stafrænni tísku og áhrif þeirra á greinina. Með blöndu af kenningum og verklegum æfingum munu þátttakendur læra meginreglur stíliserings og hvernig á að beita þeim á sýndarflíkur. Þátttakendur læra að byggja upp línur og setja hönnun sína fram á sannfærandi sjónrænan hátt. Þeir munu öðlast innsýn í hvernig þeir geta breytt stafrænum flíkum í sjónrænt grípandi og raunhæfar framsetningar. Við lok námskeiðs munu þátttakendur hafa náð góðum tókum á tækni við stíliseringu og hafa fengið tilfinningu fyrir því hvernig hægt er að þróa persónulegan stíl í kynningu á sköpun sinni af sterkri fagurfræðilegri næmni.

Lærdómsviðmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þekki mismunandi stílform í framsetningu stafrænna flíka
- Þekki helstu forrit sem unnið er með í dag við framsetningu verkefna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geti unnið hreyfimyndir í CLO3D
- Geti unnið með mismunandi lýsingu og bakgrunna
- Geti nýtt sér litasamsetningar í línunum með það að markmiði ná betri vörustjórnun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafi færni í að byggja upp heildstæða fatalínu
- Hafi færni í að kynna fatalínu í orði, texta, ljósmyndum og hreyfimyndum
- Hafi hæfni til að raungera skapandi hugmyndir sínar með því að nota verkfæri stafrænnar fatahönnunar